

**Nd.**

**257. Frumvarp til laga**

**[151. mál]**

um geislavarnir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

Samhljóða þskj. 165 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkið rekur stofnun er nefnist Geislavarnir ríkisins sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislataekjum.

Ráðherra skipar stofnuninni stjórn sem í eiga sæti þrír menn með sérþekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar. Ráðherra skipar formann. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Skal hann hafa viðurkennt háskólapróf á sviði eðlisfræði og sérmenntun og starfsreynslu á sviði geislavarna sem heilbrigðisyfirvöld meta gilda.

6. gr. hljóðar svo:

Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar. Hann undirbýr fundi stjórnarinnar og situr þá með tillögurétti og málfrelsi. Forstöðumaður ræður starfsfólk að höfðu samráði við stjórn stofnunarinnar.